

Fundargerð

11. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 27. apríl 2021 á ZOOM.

1. Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarson~~, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir, Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.
Fundargerð síðasta fundar samþykkt rafrænt.
2. **Niðurtalning**
- Verkefni sem stjórn vill sjá raungerast fyrir þing 2022!
Helsta áhersla að klára þau verkefni sem eru fyrirbyggjandi s.s. hlaupamál og skráningarmál. AOD styrkur komin frá WA til þess að vinna að rafrænum skráningamálum en einnig hefur verið sótt um styrk hjá EAA vegna sama máls.
Umgjörð móta bæði Meistaramóta og annarra móta og að efla fræðslu og útbreiðslu. Verið að vinna að undirbúningi á sérgreinahluta okkar sem yrði framhald af ÍSÍ þjálfaranáminu. ÍSÍ hlutinn er fjarnám, en okkar hluti þarf að vera staðnám. Afmælisár. Undirbúningur að hefjast.
3. **Framgangur (fjar)heimsókna í hérað.** Vegna sóttvarna og ástands í þjóðfélaginu hefur lítið verið fundað.
4. **Ábending frá samskiptaráðgjafa við broti á siðareglum**
Kristín Birna tók að sér að vinna þetta og klára.
5. **Keppnisdagskrá og skipulag heima og erlendis**
Stutt samantekt framkvæmdastjóra: Búið að fresta NM í fjölþraut. Vetrarkastmót verður haldið í Króatíu. Erfið flug, en skipulagið er í vinnslu og það verða nokkrir keppendur frá okkur. Mót sumarsins erlendis í skoðun bæði vegna sóttkvíakröfu á komur frá m.a. þeim löndum sem halda stór mót í sumar. Einnig er mikill kostnaður bæði við ferðir og sóttvarnir og vottorð o.fl. Þau mót sem um ræðir eru Smáþjóðameistaramót í San Marínó og Evrópukeppni landsliða í Búlgaríu. Einnig að MÍ aðalhluti verður haldinn skömmu eftir þessi mót. MÍ 11-14 ára verður haldið seinni partinn í júní á Egilsstöðum.
6. **Staðfesting Íslandsmeta ársins 2021**
Ekki komin staðfesting frá Lyfjaeftirliti ríkisins á met sem hafa verið sett það sem af er árinu.
7. **Starfshópur um þjóðarleikvang í frjálsum**
Búið að halda 4 fundi í starfshópnum. Tillaga kynnt, en þetta er ennþá í vinnslu. Væntanlega verður greinargerð tilbúin í maí/júní.
8. **Önnur mál:** Minnst látinna féлага, Brynjars Gunnarssonar og Guðmundur Hallgrímsson. Fyrri úthlutun afreksstyrkja í vinnslu.
Búið að gefa út reglugerð um götuhlaup í ljósi sóttvarna og takmarkana eins og þær eru í dag. Undirbúningur fyrir sumarið í gangi og í samvinnu við ÍBR er búið að senda spurningalista á sóttvarnaryfirvöld varðandi útfærslu sem er í stöðugri endurskoðun. Kristín Birna fór yfir vinnu í gangi hjá ÍSÍ varðandi sóttvarnir og hólfaskiptingu í götuhlaupum og gístmótum barna í sumar.

Fundarritari: Guðlaug B.